



ÍSLE2BV05 - BÓKVIT

Kennsluáætlun á haustönn 2020

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Bertha Ingibjörg Johansen (BEJ)

Katrín Tryggvadóttir (KT)

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á menningu víkingaaldar (800-1170). Nemendur kynnst tungumáli víkinga og þróun þess, frásagnarlist þeirra og hugsunarhætti með lestri ýmissa verka og fjölbreyttri verkefnavinnu. Farið er fram á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, metnað og virkni í námi. Nemendur fræðast um víkingatímamann auk þess sem þeir lesa Snorra-Eddu, Íslendingasögu og/eða fornaldarsögu Norðurlanda og valin eddukvæði og dróttkvæði. Nemendur kynna sér verk samtímalistamanna sem vísa í menningu og hugsunarhátt víkingaaldar. Þeir vinna sjálfstætt lokaverkefni og kynna niðurstöður sínar.

Forkröfur: ÍSLE2OS05

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- bókmenntum frá víkingaöld í lausu og bundnu máli
- siðferðislegum gildum víkingatímans
- trúarbrögðum víkinga
- verkmenningu og verklagi víkinga
- hvernig arfur víkingaaldar skilar sér inn í menningu og listir nútímans
- orðaforða víkingatímans og ýmsum breytingum sem orðið hafa til nútímans

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns bókmenntaverk frá víkingatímanum
- lesa sér til gagns fræðitexta um víkingatímamann og menningu hans
- beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir hans koma fram
- nota á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
- draga saman og nýta upplýsingar úr ólíkum heimildum og tengja við eigin skoðanir
- flytja af nokkru öryggi mál sitt frammi fyrir hópi fólks

Hæfni

Nemandi skal hagnýta þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna skapandi verkefni í tengslum við menningu og þjóðfélag víkingatímans

- beita skýru og vönduðu máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum og byggja upp skýra röksemdafærslu
- tjá afstöðu og efasemdir um efni og komast að niðurstöðu
- túlka bókmenntatexta og kafa undir yfirborð hans til að leita dýpri merkingar

Kennslubækur og kennslugögn:

- Sölvi Sveinsson: *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu* í útgáfu Guðrúnar Nordal.
- Valin eddukvæði og dróttkvæði. Efni frá kennara og af veraldarvefnum.
- Fóstbræðra saga.
- Efni frá kennara.

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni:

Vika:	Dagsetning:	Námsefni/viðfangsefni:	Helstu próf og verkefni:
34	17. - 21. ágúst	Kynning áfanga. Landnám og menning víkinga	Verkefni í tengslum við efnið.
35	24. – 28. ágúst	Landnám og menning víkinga Ljósrit um landnámið.	Verkefni í tengslum við efnið. Heimildaritgerð
36	31. ágúst - 4. september	Forn kveðskapur. Ljósrit frá kennara.	Verkefni í tengslum við efnið.
37	7. – 11. september	Forn kveðskapur. Ljósrit frá kennara.	Verkefni í tengslum við efnið.
38	14. - 18. september	Forn kveðskapur Dróttkvæði Ljósrit frá kennara.	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
39	21. - 25. september	Snorri Sturluson og verk hans Norræn goðafræði. Gylfaginning kaflar 1-19.	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
40	28. septemb. - 2. október	Gylfaginning kaflar 1-19. Guðirnir okkar gömlu, bls. 167-182.	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
41	5. – 9. október	Gylfaginning kaflar 20-36. Guðirnir okkar gömlu, bls. 182-203 og bls. 57-90 (3. kafli).	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
42	12. - 16. október	Gylfaginning kaflar 37-47. Guðirnir okkar gömlu, bls. 203-220	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
43	19. - 23. október	Norræn goðfræði. Gylfaginning kaflar 48-54. Guðirnir okkar gömlu, bls. 220-236.	Verkefni í tengslum við efnið.
44	26. – 30. október	Norræn goðafræði. Gylfaginning kaflar 48-54. Guðirnir okkar gömlu, bls. 220-236	Verkefni/próf í tengslum við efnið.

45	2. – 6. nóvember	Fóstbræðra saga	Verkefni í tengslum við efnið.
46	9. - 13. nóvember	Fóstbræðra saga	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
47	16. - 20. nóvember	Fóstbræðra saga	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
48	23. - 27. nóvember	Fóstbræðra saga	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
49	30. nóvember - 4. desember	Fóstbræðra saga	Verkefni í tengslum við efnið. Annar lok

Vægi námsþátta í vetrareinkunn:

- 35% Norræn goðafræði, verkefni og próf.
- 10% Landnám, menning og tunga, verkefni og próf.
- 15% Forn kveðskapur, verkefni og próf.
- 25% Fóstbræðra saga, verkefni og próf.
- 15% Ástundun og virkni í tímum.

Vetrareinkunn 50%

Lokapróf 50%

Kröfur og verkefnaskil:

- **Lokapróf** er í áfanganum en hægt er að sleppa því með því að ná 7 í vetrareinkunn. Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi undirbúnir í kennslustundir.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU. Nemandi sem **missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi** og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju.
- Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa því að hafa aðgang að tölvu í tímum.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. **Einungis þeir sem eru löglega fjarverandi fá að taka sjúkrapróf.**
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. **Ritstuldur varðar við lög** og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.
- Óheimilt er að vera með síma í tímum nema með leyfi kennara. **Óleyfileg símanotkun jafngildir fjarvist í kennslustund.**

Með von um góða samvinnu og fyrirvara um breytingar, 17. ágúst 2020.

Bertha Ingibjörg Johansen berthajo@fsu.is

Katrín Tryggvadóttir katrin@fsu.is